

staklega vöxtunum fyrir 1887, og verða þau að takast til greina, þar sem fyrgreindri skýrslu hans vöxtunum viðvíkjandi eigi var nægilega mótmælt af hálfu stefnda fyrir undirrjettinum. Ber því að dæma áfrýjandann til að greiða hina umstefndu skuld 1020 kr. 86 a. að frá-dreginni greindri vaxtaupphæð, 38 kr. 97 a., eða alls 981 kr. 89 a. Málskostnaður fyrir undirrjetti og yfir-rjetti virðist rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Ole Lied, greiði stefnda, verzlunar-stjóra Christen Havsteen fyrir bönd Gránufjelags-verzlunarinnar á Oddeyri, 981 kr. 89 a. Málskostn-
aður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 27. júlímánaðar.

Nr. 5/1891:

Ábúandi þjóðjarðarinnar Stóru-
Hámundarstaða
gegn

Halldóri Bjarnasyni eiganda og
umráðamanni Háls í Svarfaðardal.

D ó m u r :

Mál þetta, sem er út af ágreiningi um landamerki milli bændajarðarinnar Háls í Svarfaðardal og þjóðjarðarinnar Stóru-Hámundarstaða, var dæmt í landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu 12. maí f. á., þannig að landamerki milli nefndra jarða skyldu vera »merkjagarður,

er gengur frá sjó upp í Lokugarnarhaus, þaðan beina línu í Riplatjörn, þaðan í Neðri-Sanddalshaus og svo í klettaendana austan við jökulslakkann við dalsbotninn. Málskostnaður skyldi falla niður og hvor málspartanna, H. Bjarnason og umboðsmaður E. Ásmundsson, greiða 12 kr. sem fæðispeninga og ferðakostnað dómendanna.

Dómi þessum hefur að fenginni gjafsókn og skipuðum málflytningum fyrir ábúanda Stóru-Hámundarstaða, verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 8. jan. p. á., og hefur hinn skipaði málflytningismaður áfrýjandans krafizt þess *fyrst og fremst*, að málinu verði vísað frá landamerkjadóminum og kærandinn (stefndi hjer fyrir rjettinum) sektaður fyrir brot á sáttalöggjöfnni, en *til vara*, að dómurinn verði dæmdur ómerkur fyrir lögleysu að efni til. Svo hefur hann, hvernig sem fer, krafizt þess, að stefndi verði skyldaður til að greiða allan kostnað málsins, bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, og að sjer verði dæmd hæfileg málsfærslulaun. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að landamerkjadómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskosnað, að minnsta kosti 100 krónur.

Frávísunarkröfu sína frá merkjadóminum eða ómerkingarkröfu hefur áfrýjandinn byggt á því, að sáttatílaun í málinu hafi eigi verið lögleg, þar sem umboðsmaður kæranda í hjeraði (stefnda) hafi eigi haft umboð nema annars af eigendum Háls til að mæta á sáttafundi í málinu, og því hafi eigi verið reynd sætt við hinn eiganda jarðarinnar. Svo hafi og sá eigandi jarðarinnar, sem mætt var fyrir, verið skyldur að mæta sjálfur á sáttafundinum, þar sem hann átti heima í sáttaumdæminu, en hafi sent annan í sinn stað.

Þetta síðarnefnda atriði gat nú ekki, þótt rjett væri, leitt til þess, að sáttatilraunin væri ógild, enda tjáði og stefndi forföll sín fyrir sáttanefndinni, og voru þau eigi vefengd neitt fyrir merkjadóminum. Og að því er snertir umboð umbodsmanns stefnda til sátta, þá var það gefið einnig fyrir hönd þess eiganda Háls, er eigi var í sáttaumdæminu, og var eigi vefengt hvorki fyrir sáttanefnd nje merkjadóminum. Frávísunarkrafa áfrýjanda verður því eigi tekin til greina.

Að því er kemur til aðalefnis málsins, þá eru málspartar sammála um það, að lönd jarðanna skilji frá sjó merkjarður nokkur forn upp í Lokugarnarhaus, en þaðan frá er ágreiningur um merkin. Stefndi vill telja þau úr garðinum í Efri-Sanddalshaus og þaðan fram fjallsegg vestari til jökla, en áfrýjandinn telur þau liggja nokkuð vestar, og verður eptir merkjalínu hans svokallaður Hálsdalur hálfur í Stóru-Hámundarstaða landi, en eptir merkjalínu stefnda verður dalur þessi allur eign Háls.

Með skjallægum skilríkjum hafa málsviðeigendur eigi sannað, hver landamerkin sjeu, og um Hálsdal sjerstaklega er það eitt sannað, að hann hafi um nokkuð langt árabil verið notaður til upprekstrar fyrir geldfje og til beitar fyrir búsmala frá báðum jörðunum eptir þörfum þeirra. Svo löguð jarðarafnot geta, að áliti rjettarins, eigi heimilað eignartilkall sækjanda til nokkurs hluta þrætulandsins, sjerstaklega þar sem í málinu eigi er komin fram nein skýrsla um það, að jarðirnar hafi hvor notað afmarkaðan hluta dalsins.

Eptir hinu framansagða er eigi ástæða til að ómerkja landamerkjadóminn, hvorki fyrir formlega meðferð málsins nje fyrir lögleysu að efni til, og verður því

að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður, og eptir þessum úrslitum málsins verður hinum skipaða sækjanda fyrir yfirdóminum eigi dæmt kaup fyrir málsfærsluna.

Að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál, vottast, að flutningur þess hefur verið lögmatúr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginu 24. ágústmánaðar.

Nr. 25/1891:

B. Muus & Co

gegn

landsbankanum í Reykjavík.

D ó m u r :

Í máli þessu áfrýjar stórkaupmaður B. Muus & Co í Kaupmannahöfn skiptarjettarúrskurði Reykjavíkur, kveðnum upp 23. maímán. þ. á., út af ágreiningi um það, hvort nefndum stórkaupmanni eða landsbankanum í Reykjavík beri fyrsti veðrjettur í bökunarhúsi nokkru tilheyrandi dánarbúi J. O. V. Jónssonar kaupmanns í Reykjavík, en í skiptarjettarúrskurðinum er ákveðið, að krafa B. Muus & Co um veðrjett í bökunarhúsinu, verði eigi tekin til greina.

Með veðskuldabryfi, dags. 10. apríl 1886, veðsetti J. O. V. Jónsson dánarbúi konsúls M. Smiths fyrir 67,000 króna skuld verzlunarlóðina nr. 4. í Strandgötu (Hafnarstræti) með öllum húsum, er á lóðinni stóðu, eins og þau þá voru eða seinna yrðu aukin og endur-